1. útgáfa 19.02.2018

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni: **Loctite Glass**

Vörunúmer **571 288611**

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Lím.

Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirliggjandi.

1.3 Söluaðili:

N1
Dalvegur 10-14
201 Kópavogur
Sími: 440 1000
Netfang: n1@n1.is
Veffang: www.n1.is

Framleiðandi:

Henkel Ltd.
Wood Lane End, HP2 4RQ
Hemel Hempstead, Bretland
00-44-1442-278000
ua-productsafety.uk@henkel.com
www.henkel.com

1.4 Neyðarsímanúmer: Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H317	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð	Húðnæm.1

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki



Viðvörunarorð **VARÚÐ**

Hættusetningar

H317	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð
EUH202	Sýanóakrýlat. Hætta. Límist við húð og augu á nokkrum sekúndum. Geymist þar sem börn ná ekki til.

Varnaðarsetningar

P101	Ef leita þarf læknis skal hafa ílát eða merkimiða tiltæk.
P102	Geymist þar sem börn ná ekki til
P280	Notið hlífðarhanska.
P333+P313	Ef efnið ertir húð eða útbrot koma fram: Leitið læknis.
P501	Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.

2.3 Aðrar hættur:

Sjá einnig 11. og 15. lið.

Fólk sem sýnir ofnæmisviðbrögð af akrýlötum, ætti að forðast vinnu með vöruna.
Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.
(**PBT**: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. **vPvB**: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur: Sýanóakrýlatlím.

Tríetýl-O-acetýlsítrat			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	**20 - < 40**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	201-066-5	**H-setningar**	-
CAS	77-89-4	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Húðnæm.1 - **H317**			

Bis(2-hýdroxý-3-tert-bútýl-5-metýlfenýl)metan			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119496065-33	**Innihald %**	**0,1 - 1,0**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	204-327-1	**H-setningar**	-
CAS	119-47-1	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eit.á æxlun 2 - **H361**, Langv.eit.á vatn 4 - **H413**			

Hýdrókínon			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	**0,01 - 0,1**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	Xi, Xn, N,
EINECS, ELINECS	204-607-8	**H-setningar**	H22, H40, H41, H43, H50, H68
CAS	123-31-9	**Flokkun, hættumerking**	Ertandi, Hættulegt heilsu, Hættulegt umhverfinu, Carc.3, Muta.3
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Bráð eit. 4 (inntaka) - **H302**, Húðnæm.1 - **H317**, Augnskað.1 - **H318**, Stökkbr.2 - **H341**, Krabb.2 - **H351**, Bráð eit.á vatn - **H400**, Langv.eit.á vatn 1 - **H410**			

Annað:
Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfæribreytur í 8. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálp

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp:

Innöndun Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Tryggið ferskt loft. Leitið læknis ef einkenni hverfa ekki fljótt.

Snerting við húð Losið ekki límda hörundsfleti sundur með afli. Notið óskaðlegt áhald, ásamt volgu sápuvatni, til að losa líminguna með varúð. Sýanóakrýlöt gefa frá sér varma við hörðnun. Stórir dropar sem falla á húð geta myndað brunabletti. Þeir skulu meðhöndlaðir á venjulegar hátt eftir að líming hefur verið losuð. Límist varir, skal væta þær með volgu vatni og beita léttum þrýstingi með tungu og munnvatni og losa líminguna rólega.

Snerting við augu Leggið strax volgan rakan klút á augað. Sýanóakrýlöt bindast við eggjahvítuefni í augum, sem eykur táramyndun og auðveldar losun límingar. Hafið bakstur á augum þar til áhrifa límsins gætir ekki lengur (1-3 dagar). Þvingið augnlok ekki upp. Leitið læknis ef límkorn bak við augnlok valda ertingu.

Inntaka Tryggið að öndunarvegur sé opinn. Varan fjölliðast samstundis í munni og því nánast ómögulegt að kyngja. Munnvatn leysir upp harðnaða vöruna á nokkrum klukkustundum.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:
Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:
Sjá lið 4.1.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:
Hentugur slökkvibúnaður: Koldíoxíð, slökkviduft, froða, vatnsúði, kælið umbúðir með vatnsúða.
Óhentugur slökkvibúnaður: Beinn þrýstivatnsgeisli.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:
Eftirfarandi getur myndast við eldsvoða: Kolmónoxíð, koldíoxíð, ertandi lífrænar gufur.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða.
Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysni

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Notið persónuhlífar.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Notið ísogsefni svo sem sand eða sag. Fargið sem spillefni. Sjá lið 13.

6.4 Tilvísun í aðra liði: Sjá lið 8. um persónuhlífar og lið 13. um förgun.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Reykið ekki og neytið einskis meðan á vinnu með vöruna stendur.
Forðist alla snertingu við húð og augu.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið.
Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði
áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum
á þurrum, vel loftræstum stað (<30°C). Geymið fjarri matvælum. Varan má ekki frjósa.

7.3 Sértæk, endanleg notkun:

Lím.

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m3	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m3	Annað
Hýdrókínon		0,5			EH40 WEL

Bis(2-hýdroxý-3-tert-bútýl-5-metýlfenýl)metan					
Notkunarsvið vöru	**Snertileið**	**Lýsing áhrifa**	**Mæliaðferð**	**Gildi**	**Eining**
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Skammtíma	DNEL	22,4	mg/m2
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	4,48	mg/m3
Atvinnutengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	0,0635	mg/kg/dag
Atvinnutengt	Fólk, ísog um húð	Skammtíma	DNEL	3,175	mg/kg/dag
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Skammtíma	DNEL	5,5	mg/m2
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	1,1	mg/m3
Neytendatengt	Fólk, ísog um húð	Skammtíma	DNEL	1,59	mg/kg/dag
Neytendatengt	Fólk, inntaka	Skammtíma	DNEL	1,59	mg/kg/dag
Neytendatengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	0,318	mg/kg/dag
Umhverfi	Ferskvatn		PNEC	0,0068	mg/l
Umhverfi	Sjór		PNEC	0,00068	mg/l
Umhverfi	Ferskvatn, set		PNEC	102	mg/kg
Umhverfi	Sjór, set		PNEC	10,2	mg/kg
Umhverfi	Jarðvegur		PNEC	20,4	mg/kg þurrefni
Umhverfi	Vatn, losun af og til		PNEC	0,048	mg/l

Hýdrókínon					
Notkunarsvið vöru	**Snertileið**	**Lýsing áhrifa**	**Mæliaðferð**	**Gildi**	**Eining**
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	7	mg/m3
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma, staðbundið	DNEL	1	mg/m3
Atvinnutengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	128	mg/kg/dag
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Langtíma, staðbundið	DNEL	0,5	mg/m3
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	1,74	mg/m3
Neytendatengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	64	mg/kg/dag
Umhverfi	Ferskvatn		PNEC	0,114	µg/l
Umhverfi	Sjór		PNEC	0,0114	µg/l
Umhverfi	Ferskvatn, set		PNEC	0,98	µg/kg
Umhverfi	Sjór, set		PNEC	0,097	µg/kg
Umhverfi	Jarðvegur		PNEC	0,129	µg/kg þurrefni
Umhverfi	Vatn, losun af og til		PNEC	0,00134	µg/l

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið.

Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði.
Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Persónuhlífar

Augnhlífar Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn (EN 166)

Húð - hendur Notið efnahelda hanska úr nítrílgúmmíi (EN 374, skiptið oft um hanska).
(skammtímanotkun >30 mín, verndarstuðull 2 >0,4 mm þykkt, langtímanotkun >480 mín, verndarstuðull 6 >0,4 mm þykkt.)

Húð - annað Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar.

Öndunarfæri Sé loftræsting ófullnægjandi, skal nota öndunargrímu með síu af gerð ABEKP (EN 14387).

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi	
Lykt:	Ertandi	
Litur:	Litlaus/gulleitur	
Blossamark:	80-93°C	(closed cup)
Suðumark:	>100°C	
Gufuþrýstingur (25°C):	<0,6	mbar
Eðlismassi við 20°C:	1,100	g/cm^3
Vatnsleysni:	Fjölliðast í snertingu við vatn	
Leysni í öðrum leysum:	Leysanlegt í aseton	

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Kröftug útvermin fjölliðun í snertingu við vatn, amín, basa og alkóhól.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulega notkun og meðferð.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Sjá lið 10.1.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Stöðugt við venjulega notkun og meðferð.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Engin við ætlaða notkun.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Eftirfarandi getur myndast við eldsvoða: Kolmónoxíð, koldíoxíð, ertandi lífrænar gufur.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Almennt: Ofnæmisviðbrögð eru hugsanleg eftir endurtekna snertingu við húð.

Inntaka Sýanóakrýlöt eru talin hafa lítil eiturhrif. Bráð eiturhrif við inntöku eru, LD50 >5000 mg/kg (rotta). Nær óhugsandi er að kyngja efninu, þar sem það fjölliðast hratt í munni.

Innöndun Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.

Húð Ertir húð. Límir hörund samstundis. Talið hafa lág eiturhrif, (LD50 (kanína) >2000 mg/kg. Vegna fjölliðunar eru ofnæmisviðbrögð í húð ólíkleg.

Augu Í vökvaformi límir efnið augnlok. Sé loftraki <50%, getur gufa valdið alvarlegri augnertingu og táramyndun.

Bis(2-hýdroxý-3-tert-bútýl-5-metýlfenýl)metan					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	>10000	mg/kg	rotta	
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt			OECD 471
Eitrun æxlunarfæra	NOAEL P	12,5	mg/kg		OECD 421

Hýdrókínon					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	367	mg/kg	rotta	OECD 401
Næming húð/öndunarfæri		Veldur næmingu		hamstur	
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt			EU Aðferð B.13/14
Endurtekin eiturhrif	NOAEL	250	mg/kg	rotta	OECD 407

12. Vistfræðilegar upplýsingar

Almennt: Losið ekki í niðurföll, vatnsból eða jarðveg.

12.1 Eiturhrif:

Bis(2-hýdroxý-3-tert-bútýl-5-metýlfenýl)metan					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Tími**	**Dýrategund**	**Aðferð**
Eiturhrif	LC_{50}	>500 mg/l	48 klst	Fiskar	OECD 203
Eiturhrif	EC_{50}	>1000 mg/l	48 klst	Daphnia	OECD 202
Eiturhrif	EC_{50}	>1000 mg/l		Þörungar	OECD 201
Þrávirkni og niðurbrot		0%			OECD 301 F
Uppsöfnun í lífverum	LogKow	6,24			
Mat á PBT / vPvB					Flokkast ekki sem slíkt

Hýdrókínon					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Tími**	**Dýrategund**	**Aðferð**
Eiturhrif	LC_{50}	0,638 mg/l	96 klst	Fiskar	OECD 203
Eiturhrif	EC_{50}	0,134 mg/l	48 klst	Daphnia	OECD 202
Eiturhrif	EC_{50}	0,335 mg/l	3 d	Þörungar	OECD 201
Þrávirkni og niðurbrot		75-81%	10 d		EB Aðferð C.4-E
Uppsöfnun í lífverum	LogKow	1,03			

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega.
Skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokk(um):
08 04 09 (úrgangslím og -þéttiefni sem í eru leysar lífrænir leysar eða önnur hættuleg efni)

Óhreinar umbúðir Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Hreinar umbúðir má endurvinna.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR: Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur

IMDG: Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur

IATA:

UN Númer	3334
Efnisheiti v. flutninga:	AVIATION REGULATED LIQUID N.O.S. (CYANOACRYLATE ESTER)
Hættuflokkur:	9
Pökkunarflokkur:	III
Pökkunarfyrirmæli	Engar flutningstakmarkanir gilda fyrir umbúðir sem innihalda undir 500 ml.

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP).
Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP).
VOC innihald (EB reglugerð 1999/13): 0%

15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H302	Hættulegt við inntöku
H317	Getur framkallað ofnæmisviðbrögð í húð
H318	Veldur alvarlegum augnskaða
H341	Grunað um að valda erfðagöllum
H351	Grunað um að valda krabbameini
H361	Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi eða börn í móðurkviði
H400	Mjög eitrað lífi í vatni
H410	Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Útgáfa/Dags: 1 / 19.02.2018

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.
Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.
Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:	***HENKEL LTD.***
	SAFETY DATA SHEET according to (EC) No 1907/2006
	LOCTITE GLASS
Endurskoðað:	*14.12.2017 (útgáfa V003.0)*
Kemur í stað útgáfu:	*16.09.2015*